



Alþingi
Nefndasvið – Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1487
komudagur 11.2.2013

LHG/005/9,6/DS/sig
Reykjavík 11. febrúar 2013

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um strandveiðar.
Þingskjal 227 — 219. mál á 141. löggjafarþingi 2012–2013.**

Landhelgisgæslan telur að þetta frumvarp auki öryggi sjómanna sem stunda strandveiðar ef það verður að lögum. Athugasemd er gerð við eina grein laganna:

5. gr. c. liður:

Spurning er á hvaða tímapunkti eigandi eða eigandi meirihluta í lögaðila á að vera lögskráður á skipið? Er nægilegt að svo sé þegar hann sækir um leyfið eða verður hann ávallt að vera lögskráður? Ef tveir aðilar eiga bátinn, annar á 51 % og hinn 49 %, getur þá sá sem á 49 % ekki haldið til veiða án hins eigandans?

Spurningin er líka hvernig eftirlitsaðili á að fylgjast með þessu. Einfaldast er ef leyfi er gefið út á nafn einstaklings sem er meirihluta eigandi og hann verður ávallt að vera um borð. Þá er strandveiðileyfið skoðað og borið saman við lögskráningu.

5. gr. liður d:

Það er umhugsunarefni hvort rétt er að veita bátum minni en 6 m. að lengd heimild til veiða í atvinnuskyni. Er það fyrst og fremst með tilliti til öryggis þar sem svo litlir bátar bera varla slíka starfsemi. Auk þess sem réttindamál, lögskráning, búnaðarkröfur o.fl. taka ekki til báta undir 6 metrum að lengd.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Ásgrímur L. Ásgrímsson
framkvæmdastjóri aðgerðasviðs.